



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík 31. október 2019
VEL2019060043
SFS2019060258
RÁ/HG/ag

Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargata 11
101 Reykjavík

Efni: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um langtímaveikindi á skóla- og frístundasviði og velferðarsviði - R19060234

Þann 27. júní 2019 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í borgarráði svohljóðandi fyrirspurn:

Borgarfulltrúi Flokks fólksins óskar eftir að fá upplýsingar um langtímaveikindi starfsmanna sem heyra undir Velferðarsvið og Skóla- og frístundasvið. Óskað er upplýsinga um hve margir starfa á sviðunum hvor um sig og hvað margir af þeim hafa veikt til langs tíma, annars vegar þeirra sem starfa undir Velferðarsviði og hins vegar Skóla- og frístundasviði, helstu ástæður, gróflega flokkað og tímabil veikindanna. Fram hefur komið í fréttum að á árunum 2009-2017 varði Reykjavíkurborg samtals um 5,3 milljörðum (miðað við verðlag 2018) í langtímaveikindi starfsmanna, aðeins á skóla- og frístundasviði.

Svar:

Árið 2017 voru að meðaltali 2635 starfsmenn á velferðarsviði í 1643 stöðugildum. Samtals störfuðu 3408 starfsmenn á velferðarsviði árið 2017 og voru 178 þeirra frá vegna veikinda í meira mánuð í senn árið 2017 eða 5,2% starfsmanna.

Árið 2018 voru að meðaltali 2725 starfsmenn á velferðarsviði í 1701 stöðugildi. Samtals störfuðu 3559 starfsmenn á velferðarsviði árið 2018 og voru 208 þeirra frá vegna veikinda í meira mánuð í senn árið 2018 eða 5,8% starfsmanna.

Árið 2019 (janúar – september) voru að meðaltali 2874 starfsmenn á velferðarsviði í 1788 stöðugildum. Samtals störfuðu 3465 starfsmenn á velferðarsviði janúar-september 2019 og voru 166 þeirra frá vegna veikinda í meira mánuð á sama tímabili eða 4,8% starfsmanna.

Árið 2017 voru að meðaltali 5387 starfsmenn á skóla- og frístundasviði í 4119 stöðugildum. Samtals störfuðu 6835 starfsmenn á skóla- og frístundasviði árið 2017 og

voru 293 þeirra frá vegna veikinda í meira mánuð í senn árið 2017 eða 4,3% starfsmanna.

Árið 2018 voru að meðaltali 5512 starfsmenn á skóla- og frístundasviði í 4241 stöðugildum. Samtals störfuðu 6982 starfsmenn á skóla- og frístundasviði árið 2018 og voru 381 þeirra frá vegna veikinda í meira mánuð í senn árið 2018 eða 5,5% starfsmanna.

Árið 2019 (janúar - september) voru að meðaltali 5640 starfsmenn í 4350 stöðugildum. Samtals störfuðu 6839 á skóla- og frístundasviði janúar-september 2019 og voru 360 þeirra frá vegna veikinda í meira mánuð á sama tímabili eða 5,2% starfsmanna.

Athuga þarf að ofangreindar hlutfallstölur tilgreina hlutfall starfsfólks í langtímaveikindum af heildar fjölda starfsmanna. Er því ekki um að ræða veikindahlutfall af vinnustundum sem alla jafna er reiknað þegar rætt er um hlutfall veikinda. Starfsmenn geta verið í mismunandi starfshlutfalli og verið í skertu starfi vegna hlutaveikinda eða í fullum veikindum.

Ekki er haldið utan um upplýsingar um eðli veikinda en skv. viðverustefnu Reykjavíkurborgar eiga stjórnendur svokallað viðverusamtal við starfsmenn ef um er að ræða tíðar skammtímaveikindafjarvistir og endurkomusamtal þegar starfsmenn koma til baka eftir langtímaveikindi. Í þessum samtölum eru m.a. ræddir þættir í vinnuumhverfi sem kunni að hafa áhrif á heilsu starfsmanna og eru álagstengdir þættir þar á meðal.



Regína Ásvaldsdóttir
Sviðsstjóri velferðarsviðs



Helgi Grímsson
Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs